

Framboðsfrestur til stjórnar Vátryggingafélags Íslands hf. rann út í dag kl. 16:00. Eftirtaldir einstaklingar hafa gefið kost á sér til setu í stjórn félagsins:

Til aðalstjórnar:

Benedikt Gíslason

Davíð Harðarson

Guðný Hansdóttir

Helga Hlín Hákonardóttir

Helga Jónsdóttir

Herdís Dröfn Fjeldsted

Jostein Sørvoll

Jóhann Halldórsson

Kristján Finnur Sæmundsson

Reynir Finndal Grétarsson

Til varastjórnar:

Andri Gunnarsson

Guðmundur Helgi Þorsteinsson

Soffía Lárusdóttir

Er það mat stjórnar að öll framboð séu gild, sbr. 63. gr. a hlutfélagalaga, og að allir frambjóðendur séu óháðir VÍS. Enginn hluthafi í VÍS á 10% hlutfjár í félaginu eða meira. Ekki þarf því að meta óhæði gagnvart stórum hluthöfum.

Nánari upplýsingar um frambjóðendur eru í viðhengi.

Krafa um margfeldiskosningu

Stjórn VÍS hefur borist krafa um að beitt verði margfeldiskosningu til kosningar stjórnar VÍS sem fram fer á hluthafafundinum. Krafan var send til stjórnar innan tilskilins frests og barst frá hluthöfum sem hafa yfir að ráða meira en 10% hlutfjár, sbr. 7. mgr. 63. gr. laga um hlutfélög nr. 2/1995. Margfeldiskosningu verður því beitt við stjórnarkjörið.

Margfeldiskosning fer fram með eftirfarandi hætti: Kosið skal á milli einstaklinga. Gildi hvers atkvæðis skal margfaldað með fjölda þeirra stjórnarmanna sem kjósa skal og má hluthafi skipta atkvæðamagni sínu, þannig reiknuðu, í hverjum þeim hlutföllum, sem hann sjálfur kys, á jafnmarga menn og kjósa skal eða færri. Ef ekki er á atkvæðaseðli getið skiptingar atkvæða á milli þeirra sem þau eru greidd skal þeim skipt að jöfnu.

Ákvæði um kynjahlutföll í samþykktum VÍS

Í 3. mgr. 19. gr. nýrra samþykka félagsins kemur fram að gæta skuli þess að kynjahlutfall í stjórn og varastjórn sé sem jafnast og að hlutfall hvors kyns sé aldrei lægra en 40%. Í 6. mgr. sömu greinar segir eftirfarandi:

„Náist kynjahlutföll 3. mgr. 19. gr. ekki við kosningu stjórnar á hluthafafundi skal sá er fékk flest atkvæði af þeim sem náðu ekki kjöri, og er af því kyni sem hallar á, taka sæti þess er fæst atkvæði fékk af þeim sem náðu kjöri, og er af fjölmennara kyninu. Hafi slík kynjahlutföll ekki enn náðst skal sá er fékk næstflest atkvæði af þeim sem náðu ekki kjöri, og er af því kyni sem hallar á, taka sæti þess er næstfæst atkvæði fékk af þeim sem náðu kjöri, og er af fjölmennara kyninu.“